

HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Hafnarfjarðar- og
Kópavogssvæðis

Gardatorg 5 • Postholt 329 • 212 Gardabær • Sími 550 5400 • Fax 550 5409 • www.heilbrigdiseftirlit.is • hhk@heilbrigdiseftirlit.is

Hafnarfjarðarbær
Umhverfi og framkvæmdir
Norðurhellu 2
221 Hafnarfjörður

10.30 GHE Garðabær 31. mars. 2015

Á fundi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þann 30. mars 2015 var lagt fram erindi Hafnarfjarðarbæjar frá 6. mars 2015 um erindi Olgu, Arndísar og Maríu fh. Villikatta um að Hafnarfjarðarbær taki upp stefnu félagsins eins og henni er lýst í upplýsingablaði félagsins og fjárvæðingar af hálfu sveitarfélagsins til félagsins.

Heilbrigðisnefnd veitir eftirfarandi umsögn:

„Heilbrigðisnefnd telur ekki rétt að Hafnarfjarðarbær hafi aðkomu að þeim málum sem farið er fram á.“

Nánar kemur fram að félagið hafi verið stofnað snemma árs 2014 til að standa vörð um dýravernd fyrir villta ketti á Íslandi. Lýst er aðferðinni fanga-gelda-sleppa, siðferðilegum rökum, lagarökum, sögulegum rökum, vísendalegum rökum og vistfræðilegum rökum frá sjónarhóli félagsins. Jafnframt er gerð nánari grein fyrir markmiðum félagsins við að ná fram stefnu þess.

Heilbrigðisnefnd telur að við alla ákvarðanaöku sé nauðsynlegt að taka mið af lögum um velferð dýra nr. 55/2013. Markmið þeirra laga er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsl og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Ennfremur er það markmið laganna að dýrin geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.

Stjórн dýravelferðarmála

Stjórн dýravelferðarmála er með þeim hætti að ráðherra (sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti) fer með yfirstjórн mála er varða velferð dýra en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Matvælastofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Tekið er fram að Matvælastofnun er skyld að leita álits fagráðs um velferð dýra um stefnumótandi ákvarðanir og umsóknir um leyfi til dýratilrauna sem getur átt við í þessum málum. Samkvæmt lögum um dýravelferð er skyld að tilkynna til Matvælastofnunar starfsemi með dýr áður en starfsemi hefst. Óheimilt er að hefja slíka starfsemi áður en skilyrði sem sett eru um húsakost, búnað og þekkingu, sbr. 10. gr. og 29.-32. gr., eru uppfyllt og þau tekin út af Matvælastofnun. Starfsemi samkvæmt lögum skal jafnframt háð reglulegu opinberu eftirliti af hálfu Matvælastofnunar. Hvergi kemur fram að haft hafi verið samráð við Matvælastofnun.

Skyldur sveitarfélagsins

Um hlutverk og skyldur sveitarfélagsins er jafnframt fjallað í lögum um dýravelferð og verður ekki séð að umrædd starfsemi styrki við það starf eða umhverfisstarf sveitarfélagsins á öðrum sviðum svo sem við umsýslu við rekstur og umsjón friðaðrasvæða.

Í 7. gr. laga um dýravelferð um hjálparskyldu er sú skylda lögð á sveitarfélagið að sjá til þess að gripið sé til aðgerða sé um hálfvillt eða villt dýr að ræða og dýr sé sjúkt, sært, í sjálfteldu eða bjarga laust að



öðru leyti en þá ber að veita því umönnun eftir föngum. Sveitarfélagi, sé umráðamaður ekki þekktur, er skylt að smala eða handsama dýr, önnur en villt dýr, sem ætla má að líði fyrir umhirðu- eða skjólleysi úti í náttúrunni samkvæmt 23. gr. sömu laga. Heilbrigðisnefnd telur að sveitarfélagið sé í stakk búið til að takast á við þessa skyldu sína. Sveitarfélag ber allan kostnað sem stofnað er til þegar um er að ræða hálfvillt og villt dýr sem ekki eru af stofni í útrýmingarhættu. Ráðuneyti sem fer með vernd og friðun villtra fugla og villtra spendýra ber allan kostnað sem stofnað er til þegar um er að ræða villt dýr sem eru af stofni í útrýmingarhættu. Hafa verður jafnframt í huga að ráðherra sem fer með vernd og friðun villtra fugla og villtra spendýra skal þó sjá til þess að gripið sé til slíkra aðgerða sé um að ræða villt dýr af stofni í útrýmingarhættu og dýr sem lenda í umhverfisslysum.


Samantekið

1. Meðferð dýra falla undir lög um velferð dýra nr. 55/2003
2. Framkvæmd stjórnsýslu samkvæmt lögum um velferð dýra er hjá Matvælastofnun
3. Ekkert kemur fram um að Matvælastofnun hafi fjallað um aðferðafræðina
4. Lög um velferð dýra leggja skyldur á sveitarfélagi sem bæjarfélagið sinnir
5. Heilbrigðiseftirlitið hefur ekki séð gögn sem renna stoðum um fjölda villikatta, bjargarleysi þeirra eða skjólleysi úti í náttúrunni
6. Sveitarfélagið hefur skyldur er varðar verndun fuglalífs og að íbúar verði ekki fyrir óþægindum af hálfvilltum dýrum

Með vísun til ofanritaðs er ekki rétt að Hafnarfjarðarbær taki ábyrð á þessum aðgerðum.

Virðingarfyllst

f.h. heilbrigðisnefndar.


Guðmundur H. Einarsson,
framkvæmdastjóri